GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða.

1. gr.

Ómskoðun og stigun:		kr.
Fyrir fyrstu 25 kindur		2.250
Fyrir 1-25 kindur til viðbótar	pr. kind	75
Fyrir kindur umfram 50	pr. kind	52

2. gr.

Ýmiss konar áætlanagerð, svo sem vegna reksturs, áburðarnotkunar o.fl. svo og fyrir aðra sérhæfða vinnu fyrir einstaklinga samkvæmt ósk þeirra (innifalið matsgerðir, umsóknir og vottorð) er pr. klst. kr. 2.500

Félagar í búnaðarfélögum njóti afsláttar sem nemur árgjaldi þeirra til B.S.V. (af samanlögðum verkefnum ársins).

3. gr.

	kr.
Gjald fyrir venjulegt sæði	2.100
Fyrir sæði úr holdanautum	2.700
Þar sem ekki er mjólkurframleiðsla greiðist:	
Fyrir venjulegt sæði	4.100
Fyrir sæði úr holdanautum	4.700

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða nr. 788/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 9. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

1. nóvember 2001 Nr. 857

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

„STARFSREGLUR
um breyting á starfsreglum um sóknarnefndir nr. 732/1998.

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Sóknarnefnd sér til þess að bókhald sé fært í samræmi við lög og noti samræmt reikningsform við uppsetningu ársreiknings, sem kirkjuráð leggur til.